



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2006
Tilvísun: UST20060700066/sf

Miðhúsabraut á Akureyri. Enn frekari umsögn.


Málefni Miðhúsabrautar komu fyrst á borð Umhverfisstofnunar árið 2003. Þá þegar lagði stofnunin til að umhverfisáhrif tengibrautarinnar í heild sinni yrðu metin (sbr. bréf stofnunarinnar dags. 15. apríl 2003). Umhverfisstofnun bendir á að með heildstæðri úttekt á áhrifum framkvæmda á umhverfið hefði mátt haga hönnun vegar og íbúðarbyggðar á upplýstan hátt á þannig að almenningur hefði tök á að kynna sér hljóðvist í fyrirhuguðu hverfi og umhverfis fyrirhugaðan veg.


Umhverfisstofnun telur að svör framkvæmdaraðila ásamt þeim viðbótarupplýsingum sem veittar eru um ákvæði í deiliskipulagi svari flestum athugasemdum stofnunarinnar um hljóðstig, að því undanskildu að ekki verður séð hvort eða hvernig ákvæðum um hljóðstig verði fylgt á svæði sem afmarkað er sem ný byggð fyrir norðan Miðhúsabraut.

Umhverfisstofnun telur ekki til eftirbreytni að menguðu ofanvatni sé veitt óhindrað í jarðveginn umhverfis veginn. Nú eru til leiðir til þess að draga eins og kostur er úr dreifingu mengunar með ofanvatni og telur stofnunin að opinberir aðilar ættu að stefna að slíku eins og kostur er.

Umhverfisstofnun telur þó ekki líkur á að þetta eitt og sér valdi því að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður